

Fundur UT – Teymis

04.12.2019

Mættir:

Guðjón, Kristín

1. mál: Farið yfir þróunaráætlun 2019 – 2020. Guðjón útskýrði þá vinnu sem hann og Sæmundur hafa verið í í vetur og er allt nokkurn vegin á áætlun hvað varðar kennslu í árgöngum. Það sem er erfitt að ná er pappírslaus veröld í skóla og er Guðjón ekki að sjá að það takist með vorinu líkt og áætlunin gerir ráð fyrir. Kristín setur hana inn á heimasíðu skólans huga þarf að mati á henni vorið 2020 hvernig til hefur tekist.

Búið er að fara yfir alla l-pada og tölvur en eftir er að fara í Mac, tölvuna í Hafnarskóla, hún þarfnast uppfærslu telur Kristín.

Guðjón og Sæmundur sjá fyrir sér margmiðlunarrými í stofu 6. í Heppuskóla, þar sem hægt væri að koma upp upptökuveri fyrir hljóð en telur að þurfi að fjárfesta í búnaði líkt og kemur fram í áætlun 2019-2020. Það eygur möguleika á hljóðvinnslu en einnig vinnslu fyrir kvikmyndir, pot-kast eða hlaðvarp. Greenscreen vegg vantar sárlega þar sem möguleikarnir aukast margfalt í fjölbreytni í myndvinnslu.

2. mál: Guðjón ætlar að bjóða kennurum upp á að mæta annan hvern þriðjudag í Fablab eftir kennslu hafi þeir áhuga á því, þar geta kennarar komið með hugmyndir af verkefnum og unni þverfaglega vinnu með Guðjóni. Einnig er hann að huga að áframhaldandi google kennslu. Hann sagði frá því að frábær samvinna hefði verið í 3. bekk í þemavinnu þeirra sem heitir húsdýrin. Kennari í 3. bekk hefði sóst eftir þeirri samvinnu og hann gripið hana fegins hendi og nemendur unnu í google classroom verkefni sín hjá kennara með aðstoð Guðjóns.

3. mál: nú er annað árið í kennslu á tölvur í 1. bekk, Guðjón kennir þar samkvæmt bekkjarnámskránni sem hann og Sæmundur settu saman s.l. vor. Þeir voru að huga að samfelli í upplýsingatæknikennslu. Guðjón sér fyrir sér að auka kennslu á tölvur og l-pada í 1. bekk það væri alveg möguleiki. En 40 mínútur á viku er stuttur tími og þá sérlega þegar íþróttir eru á móti þá er tíminn ekki að nýtast sem skyldi. Fleiri tímar á viku eða a.m.k. 2 x 40 mín gerður kennsluna markvissari.

4. mál: Hugstormun, ákveðið að hafa hugstormunarfund varðandi framtíð upplýsingatækni og kennslu í janúar / febrúar

Fundargerð ritaði

Kristín G Gestsdóttir